

12. júní 2015

Umsögn frá Svavari Kjarrval um:

Frumvarp til laga um kjaramál félagsmanna tiltekinna stéttarfélaga innan Bandalags háskólamanna og Félags Íslenskra hjúkrunarfræðinga.

144. löggjafarþing.

Þskj. 1419 — 798. mál.

Eftirfarandi ætti að hafa í huga við meðhöndlun frumvarpsins af hálfu þingsins:

Í 1. másl. 1. gr. frumvarpsins er tekið fram að vinnustöðvanir séu „...óheimilar frá gildistöku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms...“. Ekki kemur fram að gildistími laganna sé afmarkaður né eru nokkur önnur skilyrði fyrir beitingu þessa banns á vinnustöðvunum. Eins og það liggur fyrir er ljóst að hér er verið að afnema verkfallsrétt þeirra aðila sem nefndir eru í 1.-2. másl. 1. gr. frumvarpsins með varanlegum hætti.

Jafnframt þarf að íhuga með tilliti til meðalhófsreglunnar hvort allir þeir hópar sem nefndir eru í 1. gr. eigi að þola það vinnustöðvunarbann sem frumvarpið ber með sér. Ekki ætti það að vera talið nægjanlegt, eins og lýst er í greinargerðinni, að hér sé um að ræða aðila sem koma með sameiginlega kröfu. Verkfallsrétturinn er sérstaklega varinn í stjórnarskrá og því telur umsagnaraðili að hér skuli meðalhófsreglan njóta meira vægis en jafnræðisreglan. Sameiginleg kröfugerð getur ekki verið forsenda þess að afnema réttindi þeirra sem tilgangur lagasetningarinnar nær ekki til.

Í frumvarpinu er heldur ekki gert ráð fyrir takmörkunum á ákvörðunum gerðardóms nema að mjög þröngu leiti. Hin eiginlegu áhrif eru því þau að Alþingi er þar með einhliða að framselja talsverðu valdi til gerðardóms til þess að ákvarða launakjör margra starfsstétta í ótakmarkaðan tíma. Erfitt er að sjá að slíkt fyrirkomulag geti staðist ákvæði stjórnarskrár um vernd verkfallsréttarins með svo víðtækum hætti með tilliti til meðalhófsreglunnar. Þó ákvörðun gerðardómsins hljóti að þurfa að taka tillit til meðalhófsreglunnar má lagasetningin ekki veita víðtækara valdframsal en eðlilegt gæti talist.

Þá telur umsagnaraðili að þær forsendur í 3. gr. frumvarpsins að hafa skuli hliðsjón af kjarasamningnum til og frá ákveðinni dagsetningu ekki uppfylla jafnræðisregluna og því ekki málefnalegt að binda gerðardóm við tiltekið nýhafið tímabil. Eðlilegra væri að gerðardómurinn sjálfur myndi ákveða við hvaða tímabil skuli miða, sé hann skyldaður til þess yfir höfuð að hafa til hliðsjónar kjarasamninga við aðra aðila.

Sömu ástæður eru fyrir því að skylda ekki gerðardóm til að gæta að stöðugleika í efnahagsmálum. Eðlilegt er að gerðardómur taki mið af því hvaða kjör séu sanngjörn en ekki hvaða áhrif þær geta haft í efnahagsmálum ríkisins miðað við hvernig staðan er núna. Slíkar málsástæður geta vart talist málefnalegar nema efnahagsaðstæður séu svo slæmar að ríkið sé á leið í gjaldþrot eða þegar í slíkri stöðu.

Sé ætlunin að afnema verkfallsréttinn með varanlegum hætti, eins og frumvarpið ber með sér, væri betur við hæfi að vísa þeim ákvörðunum til kjararáðs í takmarkaðan tíma í stað sérnefndar. Umsagnaraðili er ekki sammála því að vísa skuli ákvarðanavaldinu með þessum hætti en telur kjararáð illskárna í stöðunni.

Svavar Kjarrval